

# Aðalfundur Félags eldri borgara Hveragerði

## - 24. febrúar 2023 kl. 15 í Þorláksetri

Sigurlín Sveinbjarnardóttir starfandi formaður setur fundinn.

### Skipan fundarstjóra og fundarritara

Sigurlín tilnefndi Þorstein Steinsson sem fundarstjóra og Andrínu Guðrúnu Jónsdóttur sem ritara fundarins og var það samþykkt.

Þorsteinn tók við stjórn fundarins og byrjaði á að athuga hvort nokkur hefur athugasemd varðandi hvernig til fundarins var boðað. *Enginn hafði athugasemd við það.*

### Skýrsla stjórnar um starfsárið 2022.

Sigurlín Sveinbjarnardóttir starfandi formaður flytur skýrslu stjórnar. Fór yfir starfið og breytingar á stjórn – eins og hér segir:

## Ársskýrsla Félags eldri borgara í Hveragerði árin 2022-2023

Aðalfundur var haldinn þann 17. febrúar 2022 í Þorláksetri. Fundargestir voru 61. Ekki er vitað hversu margir félagsmenn voru í félaginu um áramót en í júní voru þeir 286.

Stjórnin var svo skipuð: Formaður; Bjarni Kristinsson, varaformaður; Guðjón Árnason, ritari; Marta Hauksdóttir, gjaldkeri; Áslaug Guðmundsdóttir og meðstjórnandi; Sigurður Valur Magnússon. Í varstjórn áttu sæti; Helga Baldursdóttir og Valgerður Guðmundsdóttir.

Ný stjórn að loknum aðalfundi í febrúar 2022: Formaður; Áslaug Guðmundsdóttir, varaformaður; Guðjón Árnason, ritari; Marta Hauksdóttir, gjaldkeri; Steinunn Aldís Helgadóttir og meðstjórnandi; Sigurlín Sveinbjarnardóttir. Í varstjórn; Björn Guðjónsson og Daði Ingimundarson sem tók að sér umsjón með heimasíðu félagsins.

Á árinu hafa verið haldnir 23 formlegir stjórnarfundir, auk margra vinnufunda, einkum til að fara yfir skipulag, vinna úr skráningum á námskeið, ferðir eða viðburði, samlesa upplýsingar fyrir bankann og margt fleira.

Haldnir voru þrjár félagsfundir, auk aðalfundar. Þann 10. maí var haldinn vorkundur (súpufundurinn) til að kynnast hugmyndum félagsmanna um starfið og hvað þeir hefðu mestan áhuga á að gera. Þar mættu um 80 manns og til varð dýrmætt safn hugmynda að starfi félagsins sem hefur verið grunnur þess sem skipulagt hefur verið á árinu.

Þann 25. september var haldinn haustfundur þar sem vetrarstarfið var kynnt og um 10 vikna haustönn. Var hann einnig mjög vel sóttur eða um 80 manns. Boðið var upp á það sem áður hefur verið á boðstólum í Þorláksetri s.s. handavinnu, bridge, félagsvist, ljósmyndahóp, gönguhóp, boccia, tréútskurð og tálgun og kórinn Hverafuglar blómstrar sem aldrei fyrr. Nýr hópur um bókmenntir hóf störf á miðri haustönn og er strax orðinn stór og öflugur. Einnig var boðið upp á námskeið í ritlist, vatnslitun, útsaum, dansleikfimi, vatnsleikfimi, yoga og yoga nidra. Þessi námskeið voru niðurgreidd um helming.

Í janúar hófst aftur 10 vikna miðönn sem lýkur um páska og þá tekur við 10 vikna vorönn sem teygir sig fram í júní. Bætt hefur verið við þar sem áhuginn var mestur, s.s í vatnsleikfimi þar sem nú eru 3 námskeið. Einnig var m.a. bryddað upp á nýjung í körfuhekli.

Fjórði almenni fundur starfsársins var jólafundur 1. desember. Hann var með menningarlegu ívafi, upplestri Hlífur Arndals úr sögunni Aðventu eftir Gunnar Gunnarsson, frábæru jólahlaðborði á Hótel Rangá og skemmtilegum söng Hlyns Snæs Teodorssonar þar sem félagar tóku hressilega undir. Einnig hér var mjög góð mæting (70 manns).

Farið var í tvær dagsferðir á vegum félagsins á árinu. Sú fyrri, vorferðin, var farin 31. maí til Vestmannaeyja með 56 manns. Veðrið var gott og heimamenn tóku afar vel á móti okkur. Farið var í söfn og skoðunarferð um helstu markverða staði. Við fengum sköndnar frásagnir af gosinu á Heimaey og mörgu öðru. Ferðin þótti bæði fróðleg og skemmtileg.

Haustferðin var farin 14. september um Njáluslóðir með 55 manns. Veðrið var mjög fallett, stillt haustveður og tókst ferðin í alla staði vel. Hápunkturinn var eflaust fyndið og skemmtilegt erindi Bjarna Harðarsonar um persónur Njálu sem hann flutti í Félagsheimilinu Goðalandi í Fljótshlíð á meðan menn gæddu sér á rjómapönnukökum og kaffi. Þar var einnig sett upp fyrir okkur málverkasýning listakonunnar Þórhildar Jónsdóttur af persónum Njálu. Danskir Íslandsvinir, Vibeke og Hans, sem fengu að vera með á fyrirlestrinum buðu upp á danskan mjöð, hestaskál, áður en haldið var heim.

Farið var í leikhús; tvisvar sinnum í mars og einu sinni í október.

Á föstudagskvöldum var áætlað að hafa fræðslu- eða skemmtikvöld. Þar stendur eitt upp úr en það er sviðaveislan. Við höfðum búist við um 70 manns eins og venjulega á viðburðum. En nei, sú varð ekki raunin, 107 manns mættu í Rósakaffi þann 11.11. Og þetta duglega fólk sem rekur staðinn bætti endalaust við borðum og stólum og tók brosandir á móti öllum þessum fjölda.

Ekki var eins vinsælt að mæta á fræðslufundi og ljóst að við verðum að bjóða upp á fjölbreyttari og skemmtilegri erindi þar. Gott væri að fá ábendingar.

Leikhúsnefnd; formaður Sigurður Valur Magnússon

Ferðanefnd; formaður Sigurlín Sveinbjarnardóttir

Ljósmyndahópur; formaður fyrst Sóley Ragnarsdóttir, síðan Hólmfríður Árnadóttir

Kórinn Hverafuglar; formaður Sæunn Freydis Grímsdóttir.

Afmælisnefnd: Jónína Haraldsdóttir og Vilhjálmur Albertsson

Uppstillinganefnd að störfum frá nóvember 2022;

Formaður Hólmfríður Árnadóttir

Meðstjórnandi Margrét Magnúsdóttir

Meðstjórnandi Eyvindur Bjarnason.

Á stjórnarfundi þann 14. október tilkynnti varaformaðurinn, Guðjón Árnason að hann væri að fara í veikindafrí. Þann 17. október hafði formaðurinn, Áslaug Guðmundsdóttir

símasamband og tilkynnti um veikindaleyfi um óákveðin tíma. Við sem eftir vorum í stjórn og varastjórn höfðum þá samband við formann Landsambands eldri borgara og leituðum ráða. Hann sagði okkur að varamenn færðust þá upp í aðalstjórn og þá gætum við skipt með okkur verkum og myndað stjórn. Það gerðum við; Sigurlín tók við formennsku en sinnti einnig áfram sömu verkefnum og áður; Daði varð varaformaður en hélt áfram umsjón með heimasíðu, Steinunn og Marta voru áfram gjaldkeri og ritari og Björn Guðjónsson varð meðstjórnandi í aðalstjórn. Þetta tilkynntum við í bréfi til félagsmanna og til bæjarstjóra Hveragerðisbæjar. Við brettum upp ermar, staðráðin í að láta allt ganga vel fram að aðalfundi í febrúar ef á þyrfti að halda. Á stjórnarfundi þann 9. desember mættu formaður og varaformaður óvænt en formaðurinn tilkynnti þar að hún ætlaði að hætta sem formaður í félaginu.

Í byrjun janúar var farið í mikla vinnu við félagatalið. Sigurlín hringdi þá í um 60 manns til að vita hvort þeir hefðu netfang, vildu fá tilkynningar í sms eða í pósti. Enginn hafði áhuga á sms en rúmlega 40 vildu fá bréf í pósti. Því miður er burðargjald mjög dýrt og tekur líka marga daga að koma pósti í hús hér innanbæjar, en við gerum þetta samt. Allir aðrir fá sent á netfang. Nokkrir voru fluttir í burtu, aðrir vildu hætta vegna heilsubreysts og 6 höfðu látist á árinu. Stjórnin gleðst yfir að um 70 nýir félagsmenn hafa bæst við í félaginu síðan vorið 2022, þar af margir aðeins um sextugt. Því voru 352 félagar í Félagi eldri borgara í Hveragerði þann 12. janúar í ár.

Þann 2. febrúar sl. mætti stjórn félagsins á fund bæjarstjóra, Geirs Sveinssonar. Þar mættu einnig úr bæjarstjórn Jóhanna Ýr og Sandra Sigurðardóttir. Við höfðum sent á undan okkur spurningalista með 12 fyrirspurnum. Fram kom í upphafi fundar að það eru 824 íbúar í Hveragerði á aldrinum 60 ára plús, svo við erum með tæplega helming þeirra í félaginu okkar. Þetta varð ítarlegur og góður fundur þar sem farið var yfir mál eldri borgara í stóru samhengi og hvar má gera betur í Hveragerðisbæ. Svör fengust við mörgu en fjögur atriði sem snerta sérstaklega fjármál þarf að skoða betur og fáum við svör síðar. Við teljum þetta upphaf að góðu samstarfi, okkur öllum til heilla.

Í félaginu okkar býr mikill mannauður og öll höfum við lært mikið í leik og starfi á langri ævi. Hópstjórnarnir okkar spegla það vel og eiga þakkið skildar fyrir sitt framlag, einnig þeir sem hafa starfað í nefndum. En við erum þrjú í stjórninni núna; Sigurlín, Steinunn og Daði sem höfum unnið lengi í skólastjórnun og reyndar líka í félagsmálum og það nýtist vel í skipulagsvinnu um námskeið, viðburði, ferðir og fjármál. Marta og Björn hafa lagt sig fram um að láta þetta allt ganga vel og m.a. oft séð um símavaktir og skráningarvinnu. Þetta hefur verið mikil vinna og vil ég hér með þakka þeim öllum samstarfið.

Hveragerði 23.2.2023

Fyrir hönd stjórnar

Sigurlín Sveinbjarnardóttir, starfandi formaður

Fundarstjóri leggur til að ársreikningur verði lagður fram og síðan sé bæði skýrsla og ársreikningar ræddir. Það var samþykkt.

### Ársreikningur 2022

Steinunn Aldís Helgadóttir leggur fram ársreikninga. Fór yfir stöðuna, hvað fellur undir liðinn félagsstarf (þátttöku í hverjum lið og hvað telst falla undir félagsstarfið) og rakti hvað er á bak við hverja tölu.

Steinunn rakti einnig eignir og lausafjármuni, veltufjármuni.

Eignir inn á reikningum sem eru þrír (Hverafuglar eru með sér reikningi).

Fasteign (nokkur númer á fasteign þar sem eignin var keypt í nokkrum áföngum) og tryggingar.

Stjórnarkostnaður rakinn og gerð grein fyrir í hverju hann er fólgin.

Rekstur Þorlaksseturs og í hverju hann er fólgin.

Fjármagnstekjuskattur og fyrningaskýrsla rakin.

Verðgildi fasteignarinnar rakin.

*Sjá nánar rekstrarreikning í fylgiskjali.*

Þorsteinn fundarstjóri segir sögu af eigin hvatvísi þegar hann næstum tók bensíndælu með sér til Reykjavíkur. Hann hrósar Steinunni fyrir samantektina og rekur falið virði eignanna þar sem eignarhlutfall komi fram út frá upphaflegu verði en ekki núverandi virði ef eign félagsins væri seld í dag.

Gefur orðið laust.

Hjörtur tekur til máls – vill fá nánari útskýringu hvað felst í framlagi til heildarsamtaka Landsambandsins?

Sigurlín svarar fyrir hvað er gert í Landsambandi eldri borgara – kjör og afslætti. Hún er búin að biðja Helga formann Landsambandsins að koma. Svarar því til að það að vera hluti af landsambandinu kosti 800 kr. á félagsmann sem borgar sig fljótt ef maður nýtir afslættina.

Það er í lögum félagsins að vera þátttakandi í Landssambandinu.

Kári vill fá að vita hvers vegna ársreikningar liggja ekki frammi á heimasíðunni. Þorsteinn veltir upp hvort það eigi að liggja á heimasíðu.

Kristín vil vita hvað er borgað sé fyrir hvern meðlim FEBH. Kristín segir að það sé ekki skylda að vera í sambandinu og sé ekki í lögum félagsins.

Lena vill taka fram að stjórnin sjái um að finna leiðbeinenda fyrir þá sem eru í hópnum sem er að tálga? Sigurlín svarar því að stjórnin hafi ekki verið að vinna í að finna leiðbeinenda.

Lena spyr hvort útskurðarhópurinn geti líka fengið styrk til að halda sýningu og Sigurlín svaraði því þannig að það væri bara að sækja um styrki skriflega.

Guðný vill gjarnan fá að vita hver ávöxtunin er á því fé sem er á bankareikningum. Steinunn svaraði því að það væru bestu fánlegu vextir – sem séu ekki háir.

Skýrsla og ársreikningar samþykkt samhljóða.

## Félagsgjöld 2023

Tillaga liggur yfir því að félagsgjöld verði óbreytt. *Samþykkt samhljóða.*

## Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar.

## Kosningar

1. Kosning formanns
2. Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára
3. Kosning eins varamanns í stjórn til tveggja ára
4. Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs og eins til vara
5. Kosning fulltrúa á mánaðarlega fundi og ársfund Landssambands eldri borgara.

Tveir stjórnarmenn ganga úr stjórn; Áslaug Guðmundsdóttir, formaður og Guðjón Árnason, varaformaður. Því þarf að kjósa formann, tvo menn í aðalstjórn og einn í varastjórn.

## Tillögur uppstillinganefndar fyrir aðalfund FEBH 24.02.23 kl. 15

### **Formaður:**

Sigurlín Sveinbjarnardóttir 030747-2329 Lækjarbrún 22 s. 8982488  
[sigurlinsv@simnet.is](mailto:sigurlinsv@simnet.is)

*Einróma samþykkt.*

### **Í aðalstjórn:**

Daði Ingimundarson 250847-4599 Hraunbæ 12 s. 8973536  
viktorvestan47@gmail.com

Sigrún Anna Stefánsdóttir 160960-2489 Heiðarbrún 16 s. 822 7759  
[sigrun.anna@internet.is](mailto:sigrun.anna@internet.is)

*Samþykkt samhljóða*

### **Í varastjórn:**

Sigrún Guðný Arndal 300855-4669 Bjarkarheiði 17 s. 8647401  
[sigrunga@internet.is](mailto:sigrunga@internet.is)

*Samþykkt, einn á móti.*

### **Skoðunarmenn reikninga:**

Hólmfríður Skaptadóttir 040848-4529 Dynskógum 4 s. 845 8269  
frida.skafta@gmail.com

Þórdís Magnúsdóttir 020750-2009 Kjarrheiði 10 s. 8639563  
[kjarrheidi10@gmail.com](mailto:kjarrheidi10@gmail.com)

*Samþykkt samhljóða.*

### **Varamaður skoðunar reikninga:**

Jakob Árnason 190259-3239 Lækjarbrún 24 s. 820 6523  
[jakobarnason1959@gmail.com](mailto:jakobarnason1959@gmail.com)

*Samþykkt samhljóða.*

### **Fulltrúar vegna LEB (Landssambands eldri borgara):**

Formaður félagsins, varaformaður og gjaldkeri.

Eiga að vera þrír fulltrúar.

*Samþykkt samhljóða.*

## Önnur mál / Verkefni fram undan:

Lena spyr hver verði nú tengiliður milli stjórnar og hópa.

Sigurlín svara að það verði einhver innan stjórnar sem tekur það að sér. Stjórn muni skipta með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum.

Sigurlín fjallaði síðan um þau verkefni sem eru fram undan, segir það muni jafnvel svara einhverjum spurningum.

## Verkefni fram undan árið 2023:

- 40 ára afmæli félagsins. Félagið er 40 ára og stendur til að halda upp á það á Hótel Örk og verður auglýst nánar fljótlega.
- Leikhúsförð í lok mars.
- Tveggja daga ferð í Borgarfjörð og á Snæfellsnes 13. og 14. maí, með gistingu á nýju hóteli í Borgarnesi .
- Vorfundur 24. maí þar sem farið verður yfir dagskrá vetrarins og nýjar hugmyndir lagðar fram og ræddar. Vetrarstarf næsta vetrar undirbúið.
- 19. júní verður farið í dagsferð um Reykjanes.
- Haustfundur til að kynna vetrarstarfið verður haldinn um miðjan september.
- Haustferð í lok september sem er ekki búið að ákveða hvert.

Fjallar um hvað að námskeið og viðburðir hafi fyrst verið niðurgreitt um 50% af félaginu á þessu starfsári verði það 25%.

Fer einnig í markmið félagsins samkvæmt lögum félagsins:

1. Vekja athygli og auka skilning almennings, þjónustufyrirtækja, ríkis og sveitafélagsins á þörfum eldri borgara.
2. Stuðla að aukinni þjónustu fyrir eldri borgara.
3. Skipuleggja og framkvæma tómsunda- og félagsstarf meðal félaga
4. Vinna að öllum þeim málum sem eru til hagsbóta fyrir eldri borgara. Það hefur verið lögð fram beiðni um að lækka fasteignagjöld.

Sigurlín telur að það hafi vantað aðeins upp á að félagið sé að vinna meira að málum eldri borgara og þjónustu við þá í samvinnu við sveitarfélagið. Hafa leitað eftir að fá starfsmann á skrifstofuna. Er til í minni sveitarfélögum.

Varðandi lið 1 og 2 sé mikilvægt að vera í góðu samstarfi við bæjarstjórnina. Þau hafa farið á fund hennar og m.a. lagt inn fyrirspurn varðandi ráðningu starfsmanns á skrifstofuna í 12 tíma á viku til að sjá um félagatal, upplýsingar, skráningu á viðburði/námskeið og annað sem snýr að starfinu.

Varðandi lið 3 telur hún að stjórn hafi unnið vel að en alltaf megi gera betur. Þau hafi náð góðum samningi við Heilsustofnun NLFÍ í vetur varðandi vatnsleikfimi og yoga og vonast til að það samstarf geti haldið áfram. Bendir fólk á að koma óskum á framfæri við stjórn og stjórnin muni gera sitt besta til að verða við því sem hægt er.

Varðandi lið 4 þá lögðu þau fram á fundi með bæjarfulltrúum meirihlutans og bæjarstjóra að skoða lækun fasteignagjalda fyrir eldri borgara. Það er í skoðun. Þau aðild að öldrunarráði bæjarins sem er vettvangur til að móta stefnuna í helstu málum er snúa að eldri borgurum. Landsambandið hefur

síðan boðað til dagsfundar í næstu viku um kjaramál eldra fólks og tillögur um aðgerðir til að fylgja þeim eftir.

#### Umræður/önnur mál:

Kristín Dagbjartsdóttir vill koma inn á að í öldrunarráði bæjarstjórnar séu 3 fulltrúar.

Talar um fyrrverandi bæjarstjóri hafi komið á fund með stjórn – en talar um að núverandi bæjarstjóri hafi ekki þegið boð um það. Stjórnarmeðlimir kannast ekki við að honum hafi verið boðið á fund með félaginu. Kristín segist hafa þetta eftir einum stjórnarmanni. Allir í stjórn voru viðstaddir á fundinum, en engin gaf sig fram þegar eftir því var kallað að viðkomandi gæfi sig fram.

Talar um heimasíðuna og vill að aðgengi verði lagað að fundargerðum og upplýsingum þar.

Þorsteinn fundarstjóri rekur sína reynslu af heimasíðunni – að hann hafi fundið það sem hann leitaði að þar.

Sigurlín bendir á að fundargerðir stjórnar liggja frammi á skrifstofunni í möppu ef fólk vill kynna sér þær.

Daði svarar varðandi heimasíðuna – hann tók að sér að yfirfara heimasíðuna og komst að því að hún væri ansi götött og vantar að finna þær upplýsingar sem þarf að setja þar inn. Þó hann hafi reynslu af heimasíðugerð er margt breytt frá því hann sá um slík störf og segist þurfa að læra margt til að geta sinnt þessu vel. Einnig sé upprunalega uppbygging síðunnar gömul og tyrfín.

Lena tók þá til máls og segir að það sé erfitt fyrir sjóndapra að lesa úr möppum og vill að fólk geti kynnt sér efni funda á heimasíðunni í ró og næði heima hjá sér.

Hólmfríður Árnadóttir tekur til máls og segir frá starfsemi ljósmyndahópsins. Var stofnaður á fyrstu mánuðum covid. Hópurinn vann því mikið í gegnum samskipti á netinu. Stjórnandi hópsins setti fram þemu og hver og einn vann eftir því. Hópurinn hafi verið vel virkur og þeir sem í honum séu hafi lært heilmikið og notið samstarfsins.

Síðastliðin vetur var unnið af því að halda sýningu sem var síðan sett upp á Blómstrandi dögum – sem var mikil vinna. Markmið sýningarinnar var að draga úr einangrun og kynna Hveragerði og Ölfus. Þau þurftu að læra á tækni, safna peningum, klifra upp í stiga og ýmislegt annað. Verkefnið varð til þess að einstaklingarnir í hópnum efldust og styrktust. Hópurinn er lokaður en hvatt er til þess að annar hópur verði stofnaður ef áhugi er fyrir hendi til að starfa að ljósmyndun.

Brandur kvað sér hljóðs og talar um vinnuna sem er fólgin í starfinu sem liggur á herðum stjórnarmanna og mikilvægi þess að fá starfsmann. Stjórnin leysi ekki allt.

Áslaug tók til máls og vill þakka stjórninni fyrir sín frábæru störf og allt það starf sem þau hafa hrundið af stað.

Auður vill þakka stjórninni starfið. Þegar þau keyptu húsið bauðst þeim að hafa starfsmann sem þau afþökkuðu til að eiga pening fyrir húsbúnaði og öðru. En hvatti stjórn til fá starfsmann til að létta sér störfín.

Fundinum barst ályktun sem Þorsteinn les upp:

*Aðalfundur Félags eldri borgara Hveragerði 24. Febrúar 2023.*

*Ég geri það að tillögu minni að félagið segi sig frá Landsambandi eldri borgara.*

*Ævar Már Axelsson*

*Stuðningmenn Hjörtur Harðarson og Páll Guðmundsson.*

Ævar studdi mál sitt. Lýsir því yfir að hann verði lítið var við að sambandið sé að vinna fyrir laununum sínum – að peningarnir sem í það fari séu ekki vel nýttir.

Egill fyrrverandi gjaldkeri mælir með því að félagið væri áfram í landsambandinu.

Áslaug segir hversu miklu getur skipt að fá afslátt sem fólgin er í félagsaðild.

Þorsteinn fundarstjóri leggur til að greidd verði um það atkvæði hvort eigi að vera áfram eða segja sig úr Landsambandinu.

Sigurlín leggur til að þetta verði skoðað betur áður en gengið er til atkvæða hér. Fólk fái tækifæri til að kynna sér betur starf Landsamtakanna þegar Helgi formaður þeirra kemur til að kynna starf samtakanna. Tillögunni er því vísað til stjórnar – fundurinn samþykkir að það verði gert.

Krístín tók aftur til máls og bendir stjórn á að það er hægt að kaupa sérfræðinga til að sjá um t.d. tölvu- og tæknimál.

Sæunn Freydís Grímsdóttir formaður Hverafugla, kórs félags eldri borgara í Hveragerði, kom í pontu og rak starf og fyrirhugaða ferð til Póllands og fjáröflun sem verður í tengslum við ferðina. Kórinn verði með bingó og söngkvöld í Þorláksetri 3. mars kl. 20:00.

Söngstjórinn og Sæunn eru að vinna að því að æfa lag sem þau sömdu í tilefni afmælisins.

*Sjá nánar um starf kórsins í fylgiskjali.*

Steinunn gjaldkeri tekur til máls varðandi beiðni sem kom frá félagsmanni varðandi aðstöðu til að spila *pílu* og *pool* – það er komin aðstaða í félagsmiðstöð unglinga (Bungubrekku) og þeir beðnir að skrá sig sem hafa áhuga á að taka þátt í því starfi.

Sagði líka að 25 fundargestir þyrftu að skrifa nöfn og kennitölu fyrir bankann.

Hjörtur tók aftur til máls þakkar fráfarandi stjórn fyrir góð störf og óskar nýrri stjórn heilla. Væntir góðs af henni.

Sigurlín stóð upp og þakkar hlýjar móttökur – ætlar sér að vinna að bestu getu að málefnum félagsins.

Fundi slitið kl. 17:10

Andrína Guðrún Jónsdóttir

Að fundi loknum var öllum boðið í kaffiveitingar á Rósakaffi.